

Priðjudaginn 9. nóvember 1954.

Nr. 155/1952. **Vinnslu- og sölumiðstöð fiskframleiðenda í Vestmannaeyjum** (Gunnar Möller)

gegn

Bæjarsjóði Vestmannaeyja (Sigurður Ólason).

Dómendur:

hæstaréttardómararnir Þórður Eyjólfsson, Gizur Bergsteinsson, Jón Ásbjörnsson og Jónatan Hallvarðsson og prófessor Ólafur Jóhannesson.

Útsvarsmál.

Dómur Hæstaréttar.

Áfrýjandi, sem skotið hefur máli þessu til Hæstaréttar með stefnu 8. okt. 1952, krefst þess, að hinn áfrýjaði úrskurður verði úr gildi felldur, synjað verði um framkvæmd lögtaks og stefnda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir fúgetadómi og Hæstarétti eftir mati dómsins.

Stefndi krefst þess, að úrskurður fúgeta verði staðfestur, að því er varðar lögtak fyrir kr. 202.600,00 auk dráttarvaxta og kostnaðar og málskostnað í héraði, svo og, að áfrýjanda verði dæmt að greiða honum málskostnað fyrir Hæstarétti eftir mati dómsins.

Áfrýjandi, Vinnslu- og sölumiðstöð fiskframleiðenda í Vestmannaeyjum, er talin stofnuð 1948. Samkvæmt samþykktum félagsins geta orðið félagsmenn allir útgerðarmenn og eigendur fiskiskipa í Vestmannaeyjum, sem hafa yfir fiski að ráða, er félagið tekur til sölu eða vinnslu. Markmið félagsins er að vinna að aukinni vinnslu fisks svo og sölu fisks og fiskafurða, og skuldbinda félagar sig til þess að afhenda félaginu alla fiskframleiðslu sína, sem lögð er í land í Vestmannaeyjum, að undanskilinni lifur. Skuldbinda stofnendur félagsins sig til að leggja fram sem stofntillag kr. 150,00 fyrir hverja óskíra smálest af bátaveign sinni við stofnun félagsins. Ábyrgð sína vilja félagsmenn takmarka við inneignir sínar í sjóðum félagsins.

Er félagsmönnum hafa verið talin til tekna öll fiskinnlög með gangverði og allur rekstrarkostnaður greiddur, skal allur

hagnaður skiptast þannig, að 50% skal leggja í sameignarsjóð og 50% í séreignarsjóð félagsmanna, og er markmiðið að verja sjóðum til að kaupa hús og vélar handa félaginu. Útborgun úr sameignarsjóði til félagsmanna má framkvæma við andlát félagsmanns, brottflutning, brottrekstur eða gjaldprot. Við félagsslit skal skír eign skiptast milli félagsmanna í réttu hlutfalli við bókaðar eignir þeirra hjá félaginu.

Skipulag og starfsemi áfrýjanda, sú sem nú var lýst, er með þeim hætti, að telja verður hann félag samkvæmt útsvarslögum og starfsemi hans atvinnustarfsemi, sbr. 6. gr. laga nr. 66/1945, og getur áfrýjandi ekki talizt vera í hópi þeirra félaga, sem útsvarslög þiggja undan útsvarsgreiðslu. Með úrskurði 8. apríl 1953 lækkaði ríkisskattanevnd útsvar áfrýjanda 1952 niður í kr. 240.000,00. Standa því eftir ógreiddar kr. 202.600,00, og ber að staðfesta lögtakið fyrir þeirri fjárhæð.

Ákvæði fógetaúrskurðar um málskostnað staðfestist.

Eftir þessum úrslitum þykir rétt, að áfrýjandi greiði stefnda málskostnað fyrir Hæstarétti, sem ákveðst kr. 7.000,00.

Dómsorð:

Úrskurður fógeta á að vera óraskaður, að því er varðar lögtak fyrir kr. 202.600,00.

Ákvæði úrskurðarins um málskostnað staðfestist.

Áfrýjandi, Vinnslu- og sölumiðstöð fiskframleiðenda í Vestmannaeyjum, greiði stefnda, bæjarsjóði Vestmannaeyja, kr. 7.000,00 í málskostnað fyrir Hæstarétti að viðlagðri aðför að lögum.

Úrskurður fógetaréttar Vestmannaeyja 8. október 1952.

Mál þetta, sem tekið var undir úrskurð 6. október sl., kom fyrir réttinn hinn 2. sept. sl. eftir kröfu bæjargjaldkerans í Vestmannaeyjum f. h. bæjarsjóðs Vestmannaeyja.

Krafðist gerðarbeiðandi, að lögtak færi fram hjá gerðarþola, Vinnslu- og sölumiðstöð fiskframleiðenda í Vestmannaeyjum, til tryggingar og síðar lúkningar ógreiddu útsvari til bæjarsjóðs Vest-

mannaeyja árið 1952, að fjárhæð kr. 263.685,00, auk dráttarvaxta og kostnaðar við gerðina og eftirfarandi réttargerðir til fullnustu, ef til kæmi.

Umboðsmaður gerðarpóla, Fr. G. Johnsen hdl., mætti í málinu og mótmælti framgangi gerðarinnar, þar sem hann taldi útsvarið ekki réttilega á lagt.

Bæjargjaldkeri, Hrólfur Ingólfsson, flutti málið fyrir bæjarsjóð og taldi útsvarið réttilega á lagt og vitnaði þar um til hæstaréttardóms í máli Bæjarsjóðs Reykjavíkur við h/f Tívoli og hélt fast við kröfu sína um lögtak.

Málavextir eru þeir, að við niðurjöfnun útsvara árið 1952 setti niðurjöfnunarnefnd Vestmannaeyja sér þær reglur, að lagt yrði á hvers konar fiskiðju $1\frac{1}{2}\%$ veltuútsvar. Í samræmi við þetta var gerðarpóla gert að greiða í útsvar 1952 kr. 301.085,00, og hafði gerðarpóli til og með júlí 1952 greitt upp í útsvarið kr. 37.400,00. Eftir það neitaði gerðarpóli frekari greiðslum á útsvarinu, og beiddist gerðarbeiðandi þá lögtaks.

Hefur umboðsmaður gerðarpóla í greinargerð og undir rekstri málsins lagt áherzlu á þessi atriði til stuðnings því, að gerðinni yrði sýnað um framgang:

1) að fyrirtæki gerðarpóla sé samlagsfélag útgerðarmanna og því þannig upp byggt, að ekki eigi að leggja útsvar á það, vegna þess að ekki sé til þess ætlað, að það hafi neinar tekjur, og styður það með því, að fyrirtækið greiði ekki tekju- né eignarskatt;

2) að veltuútsvarið sé ekki löglega á lagt, m. a. þar sem fiskframleiðendum hér í bænum sé mismunað í álagningu veltuútsvars og sumum sé ekki gert að greiða neitt veltuútsvar, þótt eins sé háttáð rekstri þeirra, einnig, að veltuútsvar $1\frac{1}{2}\%$ sé of hátt;

3) að útsvarsálagningin sé hrein eignaupptaka, sem brjóti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar;

4) að umbjóðanda hans (gerðarpóla) sé ekki skylt að greiða hærri fjárhæð í útsvar 1952 en þegar sé greidd eða kr. 37.400,00.

Sú röksemd gerðarpóla, að fyrirtækið sé þannig upp byggt, að ekki eigi að bera útsvar, fær ekki staðizt. Þótt fyrirtækið greiði ekki tekju- og eignarskatt, verður ekki á það fallizt, að það skeri á nokkurn hátt úr um útsvarsskyldu, því að allt aðrar reglur gilda um niðurjöfnun útsvara skv. útsvarslögum en álagningu skatta samkv. skattalögum. Fyrirtækið er tvímælalaust útsvarsskylt í Vestmannaeyjum skv. 6. gr. laga nr. 66/1945, þótt um samlagsfélag sé að ræða, og þótt umboðsmaður gerðarpóla telji fyrirtækið þannig, að ekki sé ætlað til, að það hafi tekjur, er staðreyndin sú, að fyrirtækið hefur allviðtækan rekstur og tekjur, eins og dskj. nr. 4 ber með sér.

Þá verður sú röksemd ekki tekin til greina, að fiskframleiðendum í Vestmannaeyjum hafi verið mismunað í útsvarsálagningu, þegar af þeirri ástæðu, að sú fullyrðing er gersamlega ósönnuð, enda mótmælt í málinu af bæjarstjóra. Sú mótbára, að veltuútsvarið, $1\frac{1}{2}\%$, sé

ekki löglega á lagt að öðru leyti, m. a., að það brjóti í bág við 67. gr. stjórnarskrárinnar, verður ekki heldur tekin til greina.

Hæstiréttur hefur nýlega kveðið upp dóm í máli út af álagningu veltuútsvars í málinu: Bæjarsjóður Reykjavíkur gegn Tívolí h/f, sem umboðsmaður gerðarbeiðanda vitnaði til við flutning máls þessa. Kemst Hæstiréttur að þeirri niðurstöðu, sem og hlýtur að ráða í máli þessu, að í 3. tl. 4. gr. útsvarslaga, nr. 66/1945, megi finna heimild fyrir bæjar- og sveitarfélög til að leggja á veltuútsvör án tillits til taps eða gróða viðkomandi aðilja. Og með hliðsjón af því verður ekki heldur talið í máli þessu, að útsvarsálagningin sé byggð á röngum sjónarmiðum. Og ekki verður þá heldur talið, að útsvarsálagningin brjóti í bága við 67. gr. stjórnarskrárinnar, úr því að álagningin á sér stoð í lögum, enda hefur 67. gr. stjórnarskrárinnar verið skýrð með þeim takmörkunum, að því er varðar skatta og útsvör.

Sú röksemd gerðarþola, að honum beri aðeins að greiða í útsvar 1952 það, sem hann hefur þegar greitt, eða kr. 37.400,00, er og haldlaus fyrir réttinum. Dómstólar eiga ekki úrskurðarvald um upphæð útsvara, og verður því upphæð útsvarsins ekki lækkuð af réttinum.

Rétturinn verður samkvæmt framansögðu að líta svo á, að niðurföfnunarnefnd hafi ákveðið útsvarið 1952 á gerðarþola innan rétttra valdatakmarka, og þar sem ekki verður talið, að um fjarstæðukennda útsvarsálagningu hjá niðurföfnunarnefnd sé að ræða og upphæð útsvarsins verður ekki lækkuð af dómstólum, ber að heimila framgang umbeðinnar lögtaksgerðar á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Rétt þykir, að málskostnaður falli niður að öðru leyti en því, að gerðarþoli greiði réttargjöld og annan kostnað við úrskurðinn.

Rekstur málsins hefur verið vítalaus.

Því úrskurðast:

Umbeðin lögtaksgerð skal fram fara á ábyrgð gerðarbeiðanda.

Málskostnaður fellur niður að öðru leyti en því, að gerðarþoli greiði réttargjöld og annan kostnað við úrskurðinn.